

Dagsetning: 12. nóvember 2025

Tími: kl 17:00

Staður: Skrifstofa BLÍ og Teams

Fundarstjóri: Grétar

Ritari: Katrín

Mætt: Grétar, Valgeir, Gunnar G, Elsa, Unnur, Lúlli M, Lúlli K, Katrín

Kynning: Auður Pétursdóttir, Sunna Líf Arnarsdóttir og Svanur Hafþórsson.

1. Kynning ungmenna sem eru í forsvari fyrir verkefnið WLVT.

- Samkvæmt ákvörðun síðasta stjórnarfundar lagði ungmennaráð fram eigin hugmyndir að því hvernig þau vilja starfa og vera virk innan BLÍ.
- Ráðið vill efla þátttöku yngri iðkenda, 10 ára og upp, með því að vera sýnilegri og þau vilja kanna hvort það megi inn í skólana og kynna íþróttina þar. Fá félögin með í það verkefni og yrði fyrsta skref að hafa samband við félögin. Taka stöðuna og vinna verkefnið þannig að við verðum tilbúin í byrjun tímabils 2026-2027
- Vera með upptakum milli hryna í leikjum, t.d. félags- og bikarleikjum. Hægt að vera í sambandi við forsvarsfólk félaga þ.a. félögin sjálf sæju um að vera með svona upptakum á leikjum. T.d. gætu þjálfarar yngri flokka séð um þessar upptakum á milli leikja. Spurning hvort BLÍ geti lagt til vinninga eins og BLÍ boli o.þ.h.
- Vera duglegri á samfélagsmiðlunum. Gefa ungmennaráði aðgang að t.d. instagram og skora á og hvetja t.d. deildar- og bikarliðin til að taka þátt í einhverjum leikjum og setja inn á miðlana.
- Ungmennaráð óskar eftir því að fá að vera með í skipulagningu yngri móta fyrir hvert tímabil. Ráðið tilnefnir sinn fulltrúa inn í yngriflokka nefnd sem fer þarna inn og er með í að setja upp mótin fyrir veturinn.
- Umræða um mótauppsetningu meistari meistaranna þ.a. það verði mót frekar en stakur leikur. Ráðið getur komið með tillögu að nýju fyrirkomulagi.
- Live stream. Vera með betra skipulag á því hvar streymið fer fram og Livey verður að vera með meiri gæði í útsendingum. Helst vill BLÍ vera með streymi á einum stað. Það þarf að greina betur hvar vandamálið með útsendingar Genius liggur, hvort það liggur hjá félögum eða Genius.
- Rætt var hvort yngriflokka ráð fái að sitja stjórnarfundum og verður unnið með það áfram innan stjórnar.

2. Reglur um sjúkra/slysatryggjinar afreksfólk í verkefnum á vegum BLÍ

- Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að verklagsreglum um það hvernig ábyrgð BLÍ á að liggja. Fyrir næsta fund þarf að vera búð að heyra í trygginafélögum og/eða

öðrum samböndum og kanna hvað í því felst að tryggja hjá þeim og kostnaðinn við það.

3. Búningamál

- Lokavinna fer nú fram við ákvörðun um landsliðsbúning næstu 4 ára og það þarf að taka ákvörðun um tvo framleiðendur. Verður klárað fyrir lok nóember mánaðar.

4. Uppsetning yngri flokka móta – U14 lið drengja.

- Fyrir þetta tímabil var metið að, í ljósi fámennis í U-flokkum drengja, væri heppilegast að leika í þriggja manna liðum. Gerð var könnun meðal allra félaga með U-lið og niðurstöður sýndu að langflestir töldu rétt að spila í þriggja manna liðum í ár, þannig að keppni gæti farið fram. Áframhaldandi vinna mun nú beinast að því að fjölga yngri iðkendum, sérstaklega drengjum.
-

5. Önnur Mál

- Útsendingarmál. Það hafa komið athugasemdir vegna streymismála bæði hjá Livey og Genius. Það þarf að greina hvert vandamálið er svo hægt sé að bregðast við. Það hefur gerst að slökkt sé á útsendingu áður en leikjum er lokið.
- Uppsetning móta A-landsliða 2026. Undankeppni EM verður haldin á næsta ári með breyttu sniði. Það þarf að fara vel yfir það hvernig mótið verður uppsett og skoða kosti og galla. Í framhaldinu þarf að athuga hvort hægt sé að hafa áhrif á það hvernig mótið er uppsett ef við höfum athugasemdir varðandi það.
- Íslenska og færeyska sambandið eru í sameiginlegri umsjón yfir NEVZA næstu tvö árin.
- Á neðri deildar móti sem haldið var fyrir norðan í haust kom upp atvik þar sem leikmaður í einum leik grætti dómara. Slíkt er óviðunandi og mikilvægt er að fyrir næsta móta komi það skýrt fram að öll slík atvik skal tafarlaust tilkynna og þau verða þá í kjölfarið sendi til aga- og úrskurðarnefndar.